

**Nd.**

**466. Breytingartillögur**

[149. mál]

við frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Braga Sigurjónssyni.

1. Við 2. gr. Síðari málsliður orðist svo: Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess að meiri hluta skipuð fulltrúum ríkisins, og skulu þeir kosnir af Alþingi.
2. Við 3. gr. Við bætist nýr töluliður:
  6. Að gera samning við verksmiðjuna, sem tryggi, að hún greiði allan kostnað við framkvæmdir þær, sem um getur í 3. og 4. lið.